

um, þykir ekki gegn eindregnum mótmælum hans örugg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2451 undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, er sýni, að kærði hafi verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika, að hann hafi ekki getað á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, heldur hefur annar þeirra lögreglumanna, er stöðvuðu bifreið hans, borið það, að ekkert athugavert hafi verið við akstur hans. Verður því að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Theódórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Sökum sérstakra anna við önnur dómstörf hefur nokkur dráttur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ingibjartur Helgi Magnússon, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Theódórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1946.

Nr. 135/1945. **Réttvísín** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn

Vernharði Eggertssyni (Hrl. Gunnar J. Möller).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Vernharður Eggertsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-

laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ragnars Ólafssonar og Gunnars J. Möllers, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. september 1945.

Ár 1945, laugardaginn 22. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Bergi Jónssyni saka-dómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2439/1945: Réttvisin gegn Vernharði Eggertssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Vernharði Eggertssyni verkamanni, til heimilis í skála nr. 12 við Þóróddsstaði hér í bænum, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. desember 1909, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

1925 $\frac{2}{5}\%$ Aðvörun fyrir ölvun og 3 krónur í skaðabætur.

1931 $\frac{2}{5}\%$ Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur eftir 6. gr. laga nr. 51/1928 í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið (fyrir þjófnað).

1931 $\frac{2}{7}\%$ Sætt, sekt 50 krónur fyrir ölvun á almanna færi.

1931 $\frac{2}{10}\%$ Sætt, sekt 100 krónur fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $\frac{2}{10}\%$ Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur eftir 8. gr. laga nr. 51/1928 í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

1932 $\frac{1}{10}\%$ Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $\frac{1}{4}\%$ Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $\frac{2}{10}\%$ Sætt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1932 $\frac{7}{10}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ölvun og þjófnað.

1932 $\frac{1}{3}\%$ Sætt, sekt 75 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $\frac{1}{6}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, betrunarhússvinna í 1 ár fyrir innbrotþjófnað og greiði in solidum 362 kr. í skaðabætur.

1933 $\frac{1}{12}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, 500 kr. sekt og 40 krónur skaðabætur fyrir brot gegn hegningarlögunum, áfengislögunum og bifreiðalögunum. Dómur hæstaréttar í sama máli, $\frac{7}{10}\%$ 1934, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði og 40 krónur skaðabætur fyrir brot gegn 238. gr. hegningarlaganna m. m.

1934 $\frac{2}{10}\%$ Dómur hæstaréttar, 14 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 231. gr. hinna

alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 46. gr. og 63. gr. sömu laga.

- 1935 $\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 o. fl.
- 1936 $1\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og óknytti á almannafæri.
- 1938 $\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs betrunarhússvinna fyrir þjófnað.
- 1938 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
- 1938 $1\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{1}{2}$ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir að hafa tekið náttból í bíl. Látið niður falla.
- 1938 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.
- 1938 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{1}{4}$ Áminning fyrir hávaða og óspektir á almannafæri.
- 1939 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir óspektir, afgreitt til bæjarfógetans á Akureyri með beiðni um að senda málið sýslumanni Strandasýslu.
- 1940 $\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1940 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 15 mánaða fangelsi og sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1943 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1944 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 $\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrri ölvun á almannafæri.
- 1944 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 $1\frac{1}{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 $2\frac{1}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 $1\frac{1}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $2\frac{1}{2}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1945 $\frac{2}{3}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{1}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1933 $\frac{3}{12}$ Vestmannaeyjar: Dómur 14 mánaða betrunarhússvinna fyrir itrekaðan innbrotsþjófnað. Staðfest í Hæstarétti $\frac{2}{3}$ 1934.
 1931 $\frac{1}{2}$ Siglufjörður: 50 kr. sekt fyrir götuóspektir og áflog.
 1939 $\frac{2}{10}$ Strandasýsla: Dómur aukaréttar, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 100 kr. sekt fyrir brot gegn 205. gr. hegningarl., 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna nr. 33 1935 og 78. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
 1943 $\frac{1}{2}$ Keflavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. laga nr. 33 1935.

Sumpart með eigin játningu ákærða og sumpart með framburðum vitna og öðrum gögnum er sannað, að hann fór hinn 19. þ. m. ölvaður inn í forstofu í verzlunarhúsi Ragnars Blöndals h/f hér í bæ og tók þar í heimildarleysi frakka, sem í var óframseld tékkávisun, að upphæð kr. 439.80, og hafði á brott með sér, en skildi eftir mjög lélegan frakka sinn. Í frakkanum, sem hann tók, mun auk ávisunarinnar hafa verið einn reikningur og eitthvað smádót. Ákærði fór með frakkann inn í veitingastofu eina hér í bænum og hitti þar menn, er hann þekkti. Einn þessara manna fékk tékkávisunina í hendur og fór ásamt öðrum mannanna með hana í Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, en á hann var hún stíluð, og ætlaði að fá hana greidda, en það fékkst ekki. Óvist er, hvort ákærði stuðlaði að þessari för með ávisunina.

Frakkinn og ávisunin hafa komizt til skila, en reikningurinn og smádótið ekki, hafi það verið í frakkanum. Skaðabótakrafa hefur eigi fram komið. Með töku frakkans hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans með tilliti til fortiðar hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 20. þ. m., og samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að það komi til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að ákveða, að ákærði skuli frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Vernharður Eggertsson, sæti fangelsi 6 mánuði.
 Gæzluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þesum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1946.

Nr. 98/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Gústav A. Sveinsson)
 gegn

Gústav Straumberg Karlssyni
 (Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn lögum nr. 62/1915 og rgj. nr. 48/1920.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt 8. gr. hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað nr. 62/1915 skulu takmörk hinnar löggiltu hafnar Akureyrar ákveðin með reglugerð. Í 1. gr. hafnarreglugerðar fyrir nefndan kaupstað nr. 48/1920 er svo kveðið á, að höfnin takmarkast að norðan af beinni línu, er hugsast dregin úr yzta Glerárós í Geldingsá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu umhverfis fjarðarbotninn á alla vegu. Kærði skaut kóp þann, er í málinu greinir, innan takmarka hafnarinnar, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 6. gr. hafnarreglugerðarinnar, sbr. auglýsing nr. 96/1944 og 14. gr. laga nr. 62/1915. Hins vegar er ekki heimild til að dæma kærða samkvæmt lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað og ber að sýkna hann fyrir brot á henni. Refsing kærða þykir samkvæmt 47. gr. hafnarreglugerðar nr. 48/1920 og 14. gr. laga nr. 62/1915 hæfilega ákveðin 50 króna sekt til hafnarsjóðs Akureyrar, og aflpánist hún 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 150.00, og málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.